



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags í landi Innri
Njarðvíkur, Gullbringusýslu
2. áfangi



Bjarni F. Einarsson
2004

Forsíðumyndin sýnir rúst nr. 71. Horft til SSA Teikn. B.F.E.

FÖRNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Reykjanesbæ
Febrúar 2004

Inngangur

Að beiðni Reykjanesbæjar kannaði Fornleifafræðistofan svæði í Innri Njarðvík vegna deiliskipulags á svæðinu. Þegar hefur partur af þessu svæði verið kannaður sbr. 1. áfanga verksins. Í þessum öðrum áfanga voru svæði í kringum og á milli svæðanna sem könnuð voru í 1. áfanga könnuð til hlítar sbr. mynd 1. Öll svæðin voru könnuð á vettvangi.

Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá og Friðlýsingarskrá.

Vettvangsvinna fór fram þann 10. febrúar síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Haldið var áfram að gefa hlaupandi númer.

Utan við hið kannaða svæði varð vart fornleifa og eru þær merktar inn á mynd 2, en voru ekki skráðar að öðru leyti.

Skipuleggjendur svæðisins eru Kanon arkitektar ehf, en verkkaupi Reykjanesbær.



Mynd 1. Skipulagskort af Innri Njarðvík. Svæðin sem skoðuð voru í 2. áfanga eru römmuð inn með rauðu. Staðsetning fornleifa er ónákvæm. Teikning Kannon arkitektar ehf. Viðbætur BFE.

Skráningin

Á hinum könnuðu svæðum eru engar friðlýstar fornleifar, en bent skal á að skv. þjóðminjalögum frá 2001 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar. Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins (10. gr.). Því eru allar þær fornleifar á svæðinu, sem eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum (Þjóðminjalög 2001).

Friðlýstum fornleifum fylgir 20 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra. Um friðaðar fornleifar gilda engin sérstök ávæði hvað þetta varðar. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðli þeirra og þarfa.



Mynd 2. Loftmynd af hluta hins kannaða svæðis 2. áfanga í Innri Njarðvíkum með fornleifum. Óskráðar fornleifar/rústir eru teiknaðar inn með svörtu. Byggingin með rauða þakinu u.þ.b. fyrir miðri mynd er suðaustasta íbúðarhúsið í Innri Njarðvík í dag. Ljós. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

Samtals fundust á hinu kannaða svæði fjórir staðir með fimm minjum.

Af þessum fjórum stöðum telst enginn hafa hátt minjagildi, einn staður hafur talsvert minjagildi, tveir lítið minjagildi og einn ekkert minjagildi.

Í ágætu ástandi voru þrír staðir og einn staður var í lélegu ástandi.

Einn staður var talinn í mikilli hættu vegna landeyðingar (veðrunar), en aðrir staðir voru ekki í hættu. Var annar þeirra talinn hafa talsvert minjagildi. Hættumatið byggir á því að skipulag taki mið af fornleifunum og hóti þeim ekki né raski á nokkurn hátt. Verði ekki hægt að tryggja öryggi þeirra þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Hættumat er því skilgreint út frá þeirri forsendu að fornleifunum verði ekki hótad af skipulaginu.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hætti	Ástand	Alkur	Minjagildi	Fríðlýst	Á að merkja?
71	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Nei	Nei
72	Rúst	1	Ekkert	Engin	Ágætt	1550-1900	Lítið	Nei	Nei
73	Gerði	1	Landeyðing	Mikil	Lélegt	1900-	Lítið	Nei	Nei
74	Gerði	2	Ekkert	Engin	Ágætt	1900-	Ekkert	Nei	Nei
4 staðir		>5 fornleifar/minjar							

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar. Bent skal á að hættumatið miðast við núverandi ástand og að ekki verði byggt ofan á rústirnar né í næsta nágrenni þeirra (sjá nánar fornleifaskrá).

Tvær fornleifar á tveimur stöðum eru taldar vera frá tímabilinu 1550 – 1900, aðrar eru taldar yngri en 1900 og því ekki eiginlegar fornleifar skv. laganna hljóðan. Engar fornleifar eða minjar þykir ástæða til að merkja á almenn kort.

Skv. 12 gr. Þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (Þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

Niðurstaða

Alls fundust fjórir staðir með fleiri en fimm fornleifum eða minjum á svæðum þeim sem könnuð voru nú í 2. áfanga sbr. mynd 1.

Ef mikilvægt reynist að farga þeim fornleifum sem hafa lítið minjagildi ætti mótvægisáðgerða ekki að vera þörf. Leyta þarf þó leyfis Fornleifaverndar ríkisins til þessa og sæta settum skilmálum embættisins.

Öðru máli gegnir um þær fornleifar sem taldar eru hafa talsvert minjagildi, þær þarf að rannsaka sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla með tilliti til fornleifa. Vætanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Merkilegustu fornleifarnar sem skráðar voru eru fornleifar nr. 71. Þar er trúlega um fjárhús að ræða.

Heimildir

Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd –

Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Þriðja bindi.

Kaupmannahöfn 1923-1924.

Þjóðminjalög nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.

Örnefnaskrá. Innri Njarðvík. Handrit. Örnefnastofnun.

Fornleifaskrá

Fornleifaskrá

Aðalnr.

71

Undirnr.

1

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

Landareign

Innri Njarðvík

Nr

Heiti

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.52 W 022°30.27

M.y. sjó

Skekkja

<10

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Fjárhús

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

10.02.2004

Fjöldi

1

Minjagildi

Talsvert

Merkja?

Nei

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Ca. 115 m SA af íbúðarhúsi. Á blásnu holti 1 m vestan við girðingu.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

5 x 5,5 m (VSV - ANA). Veggir úr grjóti, ca. 1,3 - 1,5 m breiðir og 0,3 - 1 m háir. Dyr snúa mót NNV. Op eða gat virðist hafa verið á suður gafl. Vestur hlið er mjög illa farin. Talsvert er af grjóti við dyr og kringum kampa. Rústin er vel gróin.

Teikning/ljósmynd



5 m.

Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia 2040zoom

Athugasemdir

Rústin gæti verið yngri en 100 ára.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

72

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

Landareign

Innri Njarðvík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.53 W 022°30.27

M.y. sjó

Skekkja

<10

Tegund minja

Rúst

Tilgáta

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

10.02.2004

Lega og staðhættir

Ca. 100 m SA af íbúðarhúsi og ca. 15 m V af fornleifum nr. 71. Í blásnu holti.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

3 x 4 m (NA - SV). Veggir úr grjóti, ca. 1 m breiðir og 0,2 - 0,3 m háir.

Engar dyr eru greinanlegar á rústinni. Grjót í veggjum vel mosavaxið og gólf rústarinnar grasi gróið. Rústin er nánast ferhyrningslaga.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia 2040zoom

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Aðalnr.

73

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

Landareign

Innri Njarðvík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.50 W 022°30.38

M.y. sjó

Skekkja

<10

Tegund minja

Gerði

Tilgáta

Húsgrunnur

Fjöldi

1

Minjagildi

Lítið

Merkja?

Nei

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvæner

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

10.02.2004

Lega og staðhættir

Ca. 100 m suður af íbúðarhúsi. Í blásnu holti.


Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.

13 x 25 m stórt (NNA - SSV). Veggir úr grjóti, 1 - 1,3 m breiðir og 0,1 - 0,6 m háir. Dyr eru við suður enda á útskoti sem er ca. 5 x 8 m. Talsvert er af grjóti í kverkinni þar sem útskotið byrjar. Suður hluti gólfsins er vel grasi gróinn, en nyrðri hlutinn blásinn. Þar sér í berghelluna. Ljósmyndin sýnir dyrnar og útskotið. Getur verið að þarna hafi staðið braggi frá seinni heimsstyrjöldinni?

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia 2040zoom

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Aðalnr.

74

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

Landareign

Innri Njarðvík

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.56 W 022°30.24

M.y. sjó

Skekkja

<10

Tegund minja

Gerði

Tilgáta

Kálgarðar

Fjöldi

2

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Ágætt

Aldur

1900-

Í eyði

Minjagildi

Ekkert

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

12.02.2004

Fríðlýsa?

Nei

Fríðlýsf?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Við brekkurætur í grasi grónni kvos, ca. 80 m austur af íbúðarhúsi. Í haga.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Gerði.

1) Gerði.

8 x 15 m (NNV - SSA). Veggir úr grjóti, 0,4 - 1 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir. Gerðið er skorið inn í brekkuna. Við austur endan er mjög stór steinn sem er jafnframt nær allur austur veggurinn. Við vestur endan er girðing sem afmarkar gerðið í þá áttina.

Ca. 2 m vestan við 1) er 2):

2) Gerði

5 x 6 m (VNV - ASA). Nánast ferhyrnt. Veggir úr torfi, 0,4 - 0,5 m breiðir og 0,3 - 0,4 m háir. Botn eða gólf er lítillaga grafið niður. Gerðið er allt vel gróið.

Neðri myndin sýnir minna gerðið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus Camedia 2040zoom

Athugasemdir